

Alþingi
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 24. maí 2016

Tilvísun: 2016050802PS/-

Persónuvernd vísar til beiðni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis frá 10. maí 2016 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á aflandsfélögum Íslendinga og skattaundanskotum (þskj. 1152, 711. mál á 145. löggjafarþingi).

Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 68/2011 um rannsóknarnefndir segir að forseti Alþingis skipi rannsóknarnefnd ef Alþingi samþykkir ályktun þar um. Gert er að skilyrði í ákvæðinu að um ræði mikilvæg mál sem almenningur varða. Í umræddri þingsályktunartillögu felst það mat flutningsmanna að svo sé. Persónuvernd tekur ekki efnislega afstöðu til þess mats. Komi hins vegar til umræddrar rannsóknar leggur Persónuvernd áherslu á að við framkvæmd hennar verði farið að ákvæðum laga nr. 68/2011; að vinnsla persónuupplýsinga við rannsóknina samrýmist lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga að því marki sem rannsóknin er ekki undanþegin þeim lögum, sbr. 14. gr. laga nr. 68/2011; og að gætt verði stjórnarskrárvarinna réttinda að því marki sem rannsóknin kann að fela í sér íhlutun í friðhelgi einkalífs, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar.

F.h. Persónuverndar,

Helga S. Þórhallsdóttir

Helga Sigríður Þórhallsdóttir

Gísli Páll Oddsson

Gísli Páll Oddsson